

Fundur skipulags- og samgönguráðs 2. mars 2022:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundargerðir skipulagsfulltrúa – US220061

Lagt er til að í fundargerðum skipulagsfulltrúa komi skýrt fram afgreiðsla erinda með því að láta umsögn skipulagsstjóra fylgja fundargerð og/eða draga saman niðurstöðu umsagnar inn í fundargerð.

Greinargerð:

Í fundargerðum skipulagsfulltrúa er vísað til þess að umsögn skipulagsfulltrúa sé ýmist samþykkt eða hafnað, það gefur þeim sem skoða fundargerðir engar upplýsingar um hvort erindið er samþykkt eða hafnað. Til að auka gegnsæi og upplýsingaflæði væri hægt að láta umsögnina fylgja með og/eða gefa til kynna með orðalagi niðurstöðu umsagnar.